

## **Frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis**

### **Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 25. júní 2016**

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis kemur saman til fundar að Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 16, Borgarnesi, fimmtudaginn 19. maí nk., kl. 13.00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælalistum með nöfnum meðmælenda úr Norðvesturkjördæmi til yfirkjörstjórnar í dómsal Héraðsdóms Vesturlands, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, föstudaginn 13. maí nk. milli kl. 10 og 12, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalisti. Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gefur eingöngu út vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu er mælst til þess að meðmælendalistar verði skráðir með rafrænum hætti á þar til gerðu vefsþæði á [www.Iceland.is](http://www.Iceland.is) áður en þeim er skilað til yfirkjörstjórnar.

*2. maí 2016.*

*Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis,*

**Kristján G. Jóhannsson**

**Guðný Ársælsdóttir**

**Ríkarður Másson**

**Guðrún Sighvatsdóttir**

**Björg Gunnarsdóttir**